

Sp.

173. Tillaga

til þingsályktunar um Eiðaskóla.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Páll Hermannsson, Ingvar Pálmason, Halldór Stefánsson, Björn Kristjánsson, Þorleifur Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

- I. Að láta gera áætlun um kostnað við neðantaldar umbætur á Eiðaskóla:
 1. Byggingu rafmagnsstöðvar, er nægi til ljósa, suðu og hitunar, þar með talin hitun vatns í sundlaug.
 2. Byggingu hæfilega stórrar sundlaugar og leikfimiúss.
Rannsókn á því, hvernig þessum umbótum verði haganlegast fyrir komið og ákvörðun um stærð sundlaugar og leikfimiúss verði gerð í samráði við skólastjórnann á Eiðum.
- II. Að taka í fjárlagafrumvarp fyrir árið 1935 fjárveitingu, er nægi til þess, að umbætur þessar verði fullgerðar á því ári.

Greinargerð.

Eiðaskóli býr við verri útbúnað en nokkur annar alþýðuskóli í landinu. Við það má ekki una lengur. Skólans er full þörf. Það finna Austfirðingar. Vilja þeir því styðja skólann sem bezt, en jafnframt hafa hans full not. Til þess að svo geti orðið, verður að útbúa Eiðaskóla álika vel og aðra alþýðuskóla landsins. Allir Austfirðingar munu taka undir þá kröfu, enda er hún sanngjörn.